



Reykjavík, 28. október 2024

VEL24100018

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** *Svar við fyrirspurn velferðarráðs um húsnæðiskostnað sem hlutfall ráðstöfunartekna leigjenda*

Á fundi velferðarráðs þann 3. október 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Velferðarráð óskar eftir upplýsingum um hlutfall ráðstöfunartekna sem er varið í húsnæðiskostnað meðal þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning frá Reykjavíkurborg annars vegar hjá þeim sem leigja hjá Félagsbústöðum og hinsvegar á almennum markaði.

### Svar:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar nýtir upplýsingar um tekjur leigjenda úr gögnum sem fengin eru frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Reikniregla húsnæðisbóta gerir ráð fyrir heildartekjum yfir 12 mánaða tímabil. Tekjurnar eru áætlaðar miðað við nýlegustu rauntekjur. Leiðrétting er svo framkvæmd þegar skattframtöl eru staðfest og HMS hefur leiðrétt sínar greiðslur. Sviðið hefur því aðgang að áætluðum heildartekjum fyrir alla leigjendur sem gefnar eru upp við umsókn á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Þegar gögn frá ágúst 2024 eru skoðuð má áætla að ráðstöfunartekjur<sup>1</sup> leigjenda hjá Félagsbústöðum sem fá sérstakan húsnæðisstuðning séu að meðaltali 391.530 kr. en meðaltal ráðstöfunartekna hjá þeim sem fá sérstakan húsnæðisstuðning á almennum leigumarkaði sé 387.187 kr. Heildarfjöldi þeirra sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning í ágúst 2024 var 3.780, þar af 2.2023 hjá Félagsbústöðum. Húsnæðiskostnaður<sup>2</sup> er hinsvegar töluvert lægri hjá leigjendum Félagsbústaða eða 85.254 kr. í ágúst 2024 en meðaltal húsnæðiskostnaðar leigjenda á almennum markaði nam 125.258 kr. Í töflu 1 má sjá hlutfall ráðstöfunartekna sem varið er í húsnæðiskostnað hjá Félagsbústöðum eftir stöðu á vinnumarkaði og í töflu 2 má sjá sambærilegar tölur fyrir almennan markað.

<sup>1</sup> Ráðstöfunartekjur leigjenda með sérstakan húsnæðisstuðning eru áætlaðar út frá heildartekjum, fjölda á heimili, persónuafslætti og skattþrepum.

<sup>2</sup> Húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem leiguverð að fráregnum húsnæðisbótum frá húsnæðis- og mannvirkjastofnun annarsvegar og sérstakan húsnæðisstuðning frá Reykjavíkurborg hinsvegar.



Reykjavík



Atvinnustaða	Húsnæðiskostnaður/		Ráðstöfunartekjur
	Ráðstöfunartekjur	Húsnæðiskostnaður	
Atvinnulaus með bótarétt	26%	110.277	446.515
Nemi	22%	84.817	378.760
Í starfi	37%	106.166	424.974
Annað/Ekki skráð	23%	96.501	430.121
Atvinnulaus án bótaréttar	29%	92.489	340.423
Á endurhæfingarlífeyri	22%	83.444	396.986
Ellilífeyrisþegi	19%	71.632	377.973
Óvinnufær	24%	87.145	375.157
Öryrki	21%	82.788	397.877
<b>Samtals</b>	<b>23%</b>	<b>85.254</b>	<b>391.530</b>

Tafla 1: Ráðstöfunartekjur, húsnæðiskostnaður og hlutfall ráðstöfunartekna sem er varið í húsnæðiskostnað hjá leigjendum Félagsbústaða með sérstakan húsnæðisstuðning.

Atvinnustaða	Húsnæðiskostnaður/		Ráðstöfunartekjur
	Ráðstöfunartekjur	Húsnæðiskostnaður	
Ellilífeyrisþegi	34%	133.025	402.496
Atvinnulaus með bótarétt	46%	121.435	369.502
Nemi	41%	95.424	355.774
Á endurhæfingarlífeyri	35%	135.913	421.308
Í starfi	40%	158.973	451.052
Annað/Ekki skráð	33%	123.713	392.775
Óvinnufær	35%	120.900	358.028
Atvinnulaus án bótaréttar	46%	158.338	379.296
Öryrki	23%	93.411	397.570
<b>Samtals</b>	<b>35%</b>	<b>125.258</b>	<b>387.187</b>

Tafla 2: Ráðstöfunartekjur, húsnæðiskostnaður og hlutfall ráðstöfunartekna sem er varið í húsnæðiskostnað hjá leigjendum á almennum markaði með sérstakan húsnæðisstuðning.

